

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
268. fundur heilbrigðisnefndar 30. ágúst 2021

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 30. ágúst 2021. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ, en jafnframt fór fundurinn fram með fjarfundarbúnaði. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Harðar Þorsteinssonar, sem ritaði fundargerð.

1. Skipulagsmál

1.1. Garðabæ. Forkynning, deiliskipulag Víðiholts íbúðarbyggð.

Lagt fram erindi frá Arinbirni Vilhjálmssyni skipulagsstjóra Garðabæjar, þar sem óskað er eftir umsögn frá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis við tillögu að deiliskipulagi, forkynning á íbúðabyggð í Víðiholti. Tillagan gerir ráð fyrir íbúðarbyggð á 2-3 hæðum, alls 84 íbúðum í fjölbýli og raðhúsum með aðkomu frá Breiðumýri og opnu svæði til norðvesturs. Í tillögunni er þess sérstaklega getið að vænst sé umsagnar heilbrigðiseftirlits vegna fráveitumála.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna en minnir á að aukin byggð á Álfanesi kallar á úrbætur á fráveitukerfi svæðisins og því mikilvægt að koma upp fullkomnari dælustöð við Hraðhólma og fara í heildarendurskoðun á fráveitukerfi svæðisins.

1.2. Garðabæ. Forkynning, deiliskipulag hesthúsahverfi í Breiðumýri.

Lagt fram erindi frá Arinbirni Vilhjálmssyni skipulagsstjóra Garðabæjar, þar sem óskað er eftir umsögn frá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis við tillögu að deiliskipulagi, forkynning á hesthúsabyggð á Álfanesi. Tillagan tekur m.a. á hesthúsabyggð, félagsheimili, reiðskemmu og reiðstígum, en markmiðið með deiliskipulaginu er að svæðið falli vel að nærliggjandi íbúðarbyggð.

Skipulag með mikilli nánd íbúða og hesthúsa getur skapað vanda eða ósætti. Ef illa tekst til geta íbúar upplifað ónæði vegna ásýndar, lyktar og hávaða utan almenns vinnutíma og skynjað slysaættur. Með vönduðu skipulagi og skilmálum má væntanlega draga úr líkum á slíkum árekstrum. Heilbrigðisnefnd telur mikilvægt að vandað sé í hvívetna til verka og að strangt eftirlit verði með framkvæmdum og að fylgt verði frá upphafi öllum bygginga- og skipulagsskilmálum. Um leið minnir hún á að núverandi reglur gera ráð fyrir takmarkaðri aðkomu nefndarinnar að rekstri skipulagðra hesthúsasvæða.

Fram kemur að samhliða skipulagsáætluninni er gert ráð fyrir sérstakri heilbrigðissamþykkt sem hafi það að markmiði að tryggja góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir. Heilbrigðisnefnd minnir á mikilvægi þess að ákvæði í væntanlegri heilbrigðissamþykkt, eins og t.d. um taðgeymslur, úrgangsilát, steiptar botnplötur, fráveitumál o.fl. komi inn í byggingaskilmála.

Það er mikilvægt að með samstilltum aðgerðum verði komið í veg fyrir óæskileg áhrif á yfirborðsvatn og grunnvatn vegna athafna og umsvifa við hverfið og að tryggt verði að

skipulagsskilmálar og kröfur um mengunarvarnir nái einnig til eldri hesthúsa með tímasettum ákvæðum.

Þá ítrekar heilbrigðisnefnd mikilvægi þess að farið verði í heildarendurskoðun á fráveitukerfi svæðisins.

1.3. Kópavogur, breikkun Suðurlandsveggar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku.

Lagt fram bréf frá skipulaginu í Kópavogi dags. 19.08.2021, þar sem óskað er eftir að heilbrigðisnefnd veiti umsögn um umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi til að breikka Suðurlandsveg frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku.

Áformuð vegaframkvæmd er innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins og er því leyfis skyld framkvæmd hjá heilbrigðisnefnd auk þess sem Kópavogsbær þarf að gefa út framkvæmdaleyfi.

Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn.

1.4. Hafnarfjörður, Breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni

Lagt fram erindi Skipulagstofnunar frá 6. júlí 2021 þar sem óskað var eftir umsögn heilbrigðisnefndar um frummatsskýrslu Vegagerðarinnar fyrir ofangreinda framkvæmd. Með erindinu fylgdi frummatsskýrsla gerð af verkfræðistofunni Mannviti dags. júní 2021 fyrir Vegagerðina og Hafnarfjarðarbæ. Unnið er að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar til samræmis við framkvæmdina og er áætlað að breyting á skipulagi verði staðfest á haustdögum 2021. Ekki var óskað eftir lengri fresti til að veita umsögn.

Um er að ræða síðustu 5,6 km í breikkun Reykjanesbrautar. Ný akbraut verður lögð samhliða suðaustan núverandi Reykjanesbrautar. Um töluverða framkvæmd er að ræða sem einnig nær til gerðar nýrra og breyttra vegamóta, vegtenginga, hringtorgs, mislægra gatnamóta, göngu- og hjólastíga o.fl.

Heilbrigðisnefnd veitti jákvæða umsögn um tillögu að breyttu aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar vegna þessara áforma. Nefndin telur að boðaðar framkvæmdir muni bæta umferðaröryggi á Reykjanesbraut og tengingar við hana. Nefndin telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við umfjöllun skýrsluhöfunda við einstaka þætti í mati á grunnástandi og hugsanlegum umhverfisáhrifum en kemur þó tilteknum ábendingum á framfæri í umsögn sinni.

1.5. Hafnarfjörður, Snókalönd við Bláfjallaveg

Lagt fram erindi frá Berglindi Guðmundsdóttur f.h. Skipulags Hafnarfjarðar dags. 27.05.2021 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu í Hafnarfirði sem nær til 15 ha. skilgreinds svæðis, Snókalanda við Bláfjallaveg. Gert er ráð fyrir að svæðið verði nýtt sem afþreyingar – og ferðamannasvæði.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við áformaða breytingu á aðalskipulagi sem fram kemur í erindinu. Umrætt svæði er raskað hraun sem eftir breytingu á verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins sem tók gildi 19. júní 2015, fellur utan vatnsverndarsvæða.

2. Starfsleyfi

Garðabær

2.1 Breiðumýri, Garðabær – heilsuræktarstöð

Lögð fram umsókn Kjartans Más Hallkelssonar f.h. Gym heilsu ehf., kt. 630997-2329 dags. 12.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heilsurækt að Breiðumýri, Garðabæ.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags.25.08.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 27.06.2033.

2.2 Garðatorg 7, Garðabær – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Katrínar Sifjar Jónsdóttur, f.h. Sprey ehf., kt. 680621-1870 dags. 03.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hársnyrtistofu að Garðatorgi 7, Garðabæ.

Fasteignanr.222-2596. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.17.08.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

2.3 Holtsvegur 43, Garðabær – veitingavagn

Lögð fram umsókn Söndru Bjargar Helgadóttur, f.h. HS heilsa ehf., kt. 451115-1540, dags. 15.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingavagn með lögheimili að Holtsvegi 43, Garðabæ.

Fasteignanr. 2329794. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.4 Hliðsnes 6b, Garðabær – gististaður

Lögð fram umsókn Vignis Skúlasonar, f.h. Æðruleysi slf., kt. 531014-1460, dags. 28.06.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað að Hliðsnesi 6b, Garðabæ.

Fasteignanr. 2081293. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 05.08.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.5. lðnbúð 2, Garðabær – Matvælaframleiðsla og pökkun

Lögð fram umsókn Láru Kristínar Pálsdóttur f.h. Nammigrísirnrir ehf., kt. 600721-0890, dags. 21.07.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu og pökkun að lðnbúð 2, Garðabæ. Fasteignanr. 2070950. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.08.2021.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

2.6 Miðhraun 2, Garðabær – Matvælaframleiðsla og pökkun

Lögð fram umsókn Tómasar Gerald, f.h. Smartco ehf., kt. 610910-0840, dags. 12.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Miðhrauni 2, Garðabæ. Fasteignanr. 2301328. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla 30.08.2021.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára, en vakin er athygli á að ljúka verður úrbótum á þeim atriðum sem fram koma í skýrslu heilbrigðisfulltrúa áður en starfsleyfi verður útgefið.

2.7 Stekkjarflöt 11, Garðabær – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Eggerts Ísdal f.h. Vínfélagið ehf., kt. 491007-1680 dags. 23.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Stekkjarflöt 11, Garðabæ.

Fasteignanr. 2072308. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Hafnarfjörður

2.8 Álfhella 12-14, Hafnarfjörður – Stálsmiðja

Lögð fram umsókn Helga Gústafssonar f.h. Ferro Zink hf., kt. 460289-1309 dags. 20.07.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir stálsmiðju að Álfhelli 12-14, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 231-7327. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 09.07.21.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.9 Ásvellir 2, Hafnarfjörður – Heilsuræktarstöð

Lögð fram umsókn Kjartans Más Hallkelssonar f.h. Gym heilsu ehf., kt. 630997-2329 dags. 12.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heilsurækt að Ásvöllum 2, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2081274. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.08.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 30.08.2032.

2.10 Breiðhella 12, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Jóns Símonar f.h. Monís ehf., kt. 460619-0170 dags. 01.07.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sprautu- og réttngaverkstæði að Breiðhelli 12, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 231-8819. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.08.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 06.07.2021. Svar byggingafulltrúa dags. 07.07.2021, þar sem fram kemur að húsnæðið sé á byggingarstigi 5 og uppfylli ekki kröfur um lokaúttekt.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 ár, á meðan unnið er að lokafrágangi húsnæðisins og uppfylltar kröfur byggingafulltrúa.

2.11 Brekkutröð 1, Hafnarfjörður – Málmsmiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Grétars Guðnasonar f.h. Hagstál ehf., kt. 630301-2380 dags. 16.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir málmsmiðaverkstæði að Brekkutröð 1, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 174219. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.08.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 17.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

4

2.12 Bæjarhraun 16, Hafnarfjörður - veitingastaður

Lögð fram umsókn Óskars Kristjánssonar, f.h. Ok 2021 ehf., kt. 680121-0360, dags. 22.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Bæjarhrauni 16, Hafnarfirði. Fasteignarnr. 2074273. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.08.2021.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.08.2021.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.13 Dalshraun 24, Hafnarfjörður – bónstöð

Lögð fram umsókn Halls Sigurðssonar f.h. Massabón ehf., kt. 640517-0340 dags. 14.07.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bónstöð að Dalshrauni 24, Hafnarfirði.

Fasteignarnr. 2074360. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.08.2021. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 10.08.2021, þar sem umræddur rekstur samræmist ekki samþykkttri notkun fasteignar.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er afgreiðslu frestað og umsækjanda bent á að ganga þarf frá byggingarleyfi í samræmi við afgreiðslu byggingarfulltrúa.

2.15 Dalshraun 26, Hafnarfjörður – bílapartasala

Lögð fram umsókn Hlöðvers Hjálmarssonar f.h. Japanskar vélar ehf., kt. 500197-2779 dags. 13.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bílapartasölu að Dalshrauni 26, Hafnarfirði.

Fasteignarnr. 2074361. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.07.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.08.2021. Jákvætt svar byggingafulltrúa 25.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.16 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður - veitingastaður

Lögð fram umsókn Sigríðar Þráinsdóttur, f.h. Kebab fjörður ehf., kt. 410721-1470, dags. 04.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.08.2021.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.17 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður - dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Jóns Rúnars Arilíussonar, f.h. Kökulist ehf, kt. 650308-0420, dags. 30.06.2021, þar sem sótt er um leyfi til brauð – og kökusölu að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.08.2021.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, en vakin athygli á að ljúka verður úrbótum á þeim atriðum sem fram koma í skýrslu heilbrigðisfulltrúa áður en nýtt starfsleyfi verður útgefið.

2.18 Flatahraun 7, Hafnarfjörður– bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Ragnars Davíðs Segatta f.h. Pústþjónusta BJB ehf., kt. 690494-2649, dags. 05.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði að Flatahrauni 7, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2241938. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.19 Hólabraut 2, Hafnarfjörður– snyrtistofa/húðflúr

Lögð fram umsókn Hjördísar Sigurbjörnsdóttur kt. 060183-4819, dags 07.07.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu með förðunarflúr að Hólabraut 2, Hafnarfirði.

Fasteignanr.2075764. Breyting á starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 8.7.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.20 Hraunavíkurvegur 2, Hafnarfjörður– skólphreinsi- og dælustöð

Lögð fram umsókn Hafnarfjarðarbæjar f.h. Fráveitu Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579 dags. 07.06.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir skólphreinsi- og dælustöð að Hraunavíkurvegi 2, Hafnarfirði og önnur mannvirki fráveitunnar.

Fasteignanr. 2293943. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.21 Hringhella 9a, Hafnarfjörður - kennslustaður

Lögð fram umsókn Aðalheiðar Bragadóttur, f.h. Vinakot ehf., kt. 701105-0870, dags. 25.06.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir kennslustað/athvarf að Hringhelli 9a, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2501243. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 06.07.2021.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 11.08.2021. Jákvætt svar frá byggingarfulltrúa dags. 12.08.2021.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.22 Hverfisgata 22b, Hafnarfjörður - niðurrið

Lögð fram umsókn Viktors Þórs Sigurðssonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 25.08.2021, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Hverfisgötu 22b, fasteignanr. 2076406.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfið samþykkt og skal niðurrifið framkvæmt á tímabilinu 30.08.2021-15.09.2021.

2.23 Melabraut 19, Hafnarfjörður - dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Sigurðar Jónssonar, f.h. Danco ehf., kt. 490689-2499, dags. 24.08.2021, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Melabraut 19, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.08.2021.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.24 Óseyrarbraut 27, Hafnarfjörður - köfunarþjónusta

Lögð fram umsókn Helga Hinrikssonar, f.h. Köfunarþjónustan ehf., kt. 431007-1180, dags. 27.07.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir köfunarþjónustu að Óseyrarbraut 27, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2330494. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.25 Rauðhella 3, Hafnarfjörður– sandblástur

Lögð fram umsókn Verkvik-Sandtak ehf., kt. 520472-0109 dags. 23.06.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sandblástur og málun að Rauðhelli 3, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2074940. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.06.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.26 Rauðhella 16, Hafnarfjörður– verkstæði fyrirtækis

Lögð fram umsókn Dofra Eysteinsonar f.h. Suðurverk hf., kt. 520885-0219 dags. 23.06.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir viðgerðaverkstæði fyrirtækis að Rauðhelli 16, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 224-3616. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 09.06.2021.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 11.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

2.27 Rauðhella 16, Hafnarfjörður– stálsmiðja

Lögð fram umsókn Grétars Elfarssonar, f.h. Stjörnustál ehf., kt. 560704-2590 dags. 16.06.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir stálsmiðju að Rauðhelli 16, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2243616. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.08.2021.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 11.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

2.28 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður - krá

Lögð fram umsókn Ólafs Guðlaugssonar, f.h. JM Veitingar ehf /Ölhúsið., kt. 540709-0330, dags. 25.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir krá að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2078640. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.08.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.29 Skútahraun 2, Hafnarfjörður – trésmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Bitter ehf (J.P. innréttingar), kt. 610305-0400 dags. 31.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir trésmíðaverkstæði að Skútahrauni 2, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2268842. Breyting á starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 31.05.2021.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 01.06.2021. Jákvætt svar frá byggingarfulltrúa dags. 24.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.30 Skútahraun 7, Hafnarfjörður – járnsmiðja

Lögð fram umsókn Víðis Guðjónssonar, f.h. Reynsla ehf., kt. 600603-3290 dags. 24.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir járnsmiðju að Skútahrauni 7, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2234387. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.08.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

2.31 Stapahraun 7, Hafnarfjörður – verkstæði fyrirtækis

Lögð fram umsókn Halldórs Egils Kristjánssonar, f.h. Bortækni ehf., kt. 620805-0250 dags. 23.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir verkstæði fyrirtækis að Stapahrauni 7, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2079297. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.08.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

Kópavogur

2.32 Akurhvarf 7, Kópavogur - dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Ágústs Freys Hallssonar, f.h. Mækæ ehf., kt. 640818-0340, dags. 27.07.2021, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Akurhvarfi 7, Kópavogi. Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.33 Bláfjallaleið, Kópavogur – ferðapjónusta

Lögð fram umsókn Björns Ólafssonar f.h. 3H Travel ehf., kt. 600212-0790, dags. 30.07.2021 þar sem óskað er eftir starfsleyfi fyrir móttöku ferðamanna til hellisskoðunar í Þríhnúkgíg. Endurnýjun.

Samkvæmt aðalskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, er starfsemin á fjarsvæði vatnsverndar.


Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.34 Bláfjöll, Kópavogur –mannvirkjagerð

Lögð fram umsókn Einars Bjarnasonar f.h. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, kt. 530269-7609, dags. 18.08.2021 þar sem sótt er um tímabundið leyfi til jarðvinnu vegna áforma um að reisa salernishús í Suðurgili.

Samkvæmt aðalskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, er starfsemin á fjarsvæði vatnsverndar.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er tímabundið starfsleyfi til framkvæmda samþykkt til 15. nóvember 2021.



2.35 Bryggjuvör 3, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Samúels Unnars Sindrasonar, f.h. Samvélar ehf., kt. 600105-1240, dags. 21.07.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir bifreiðaverkstæði að Bryggjuvör 3, Kópavogi.

Fasteignanr. 2061129. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.07.2021.

Með vísun til ákvæða mengunararnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.36 Bæjarlind 18a, Kópavogur - sjálfsafgreiðslustöð

Lögð fram umsókn Jóns Árna Ólafssonar, f.h. Olíuverslun Íslands., kt. 500269-3249, dags. 28.06.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjálfsafgreiðslustöðvar með eldsneyti að Bæjarlind 18a, Kópavogi. Fasteignanr. 2238046. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.37 Bæjarlind 12, Kópavogur – Tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar kt. 100170-4349 f.h. V.Þ. Vilhjálmsson slf., kt. 600112-1120, dags. 26.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu að Hamraborg 5, Kópavogi. Fastanúmer. 224-6298. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.08.2021.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.38 Dalbrekka 56, Kópavogur –bón og þvottastöð

Lögð fram umsókn Steinunn Kim Dung Do, f.h. Aka bón slf., kt. 670421-1390, dags. 02.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bílaþvottastöð að Dalbrekku 56, Kópavogi. Fasteignanr. 2063750. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.08.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 05.08.2021. Jákvætt svar dags. 05.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.39 Dalvegur 16a, Kópavogur – réttingaverkstæði og bílasprautun

Lögð fram umsókn Jóhanns Ó. Jóhannssonar, f.h. Réttingaverkstæði Jóa ehf., kt. 571097-2229, dags. 15.07.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir réttingaverkstæði og bílasprautun að Dalvegi 16a, Kópavogi.

Fasteignanr. 2227627, 7631, 7630. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.07.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.40 Dalvegur 18, Kópavogur – snyrtistofa með húðrof

Lögð fram umsókn Labinota Morina kt. 300585-2059, dags. 12.07.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir snyrtistofu með förðunarflúr að Dalvegi 18, Kópavogi. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.08.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað og umsækjanda bent á að uppfylla þarf kröfur heilbrigðiseftirlits er varða hreinlæti og loftræstingu til að hægt sé að gefa út starfsleyfi.

2.41 Dalvegur 18, Kópavogur – snyrtistofa með húðrof

Lögð fram umsókn Esterar Soffíu Jóhannsdóttur f.h. Dermabeauty ehf., kt. 501218-2000, dags. 03.08.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir snyrtistofu með húðrof að Dalvegi 18, Kópavogi. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.12.08.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað og umsækjanda bent á að uppfylla þarf kröfur heilbrigðiseftirlits er varða hreinlæti og loftræstingu til að hægt sé að gefa út starfsleyfi.

2.42 Dalvegur 22, Kópavogur – þjónustuverkstæði

Lögð fram umsókn Haralds Teitssonar f.h. Teitur Jónasson ehf., kt. 520273-0349, dags. 17.07.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir alhliða bifreiðaverkstæði fyrir fólksflutningabifreiðar fyrirtækisins að Dalvegi 22, Kópavogi. Fasteignanr.2059494. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags.15.07.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára.

2.43 Engihjalli 8, Kópavogur – matsöluvagn

Lögð fram umsókn Árna Þórs Birgissonar, f.h. Brynja ehf., kt. 440196-2769, dags. 21.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir ísbíl með aðstöðu að Engihjalla 8, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.44 Hamraborg 5, Kópavogur – tannsmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Bertu Hannesdóttur f.h. Bakkabros ehf., kt. 701101-2270, dags. 16.07.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tannsmíðaverkstæði að Hamraborg 5, Kópavogi. Fastanúmer. F2061422 og F2061423. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.08.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.08.2021. Jákvaett svar frá byggingafulltrúa dags. 24.08.2021.


Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.45 Hamraborg 5, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Páls Ævars Pálssonar f.h. Brostu sf., kt. 631292-2329, dags. 23.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu að Hamraborg 5, Kópavogi. Fastanúmer. 2061423. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.08.2021.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.



2.46 Hamraborg 10, Kópavogur – hársnyrti- og snyrtistofu með húðrof

Lögð fram umsókn Sigríðar M. Einarsdóttur f.h. Ossom útlit ehf., kt. 421020-1080, dags. 13.07.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hársnyrtistofu og snyrtistofu með húðrof að Hamraborg 10, Kópavogi. Fastanúmer.2230710. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 09.08.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 09.08.2021. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

2.47 Hlíðasmári 8, Kópavogur – Fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Söru Hermannsdóttur, kt. 070586-2239, dags. 16.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðastofu að Hlíðasmára 8, Kópavogi. Fasteignanr. 2062299. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.08.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 17.08.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 09.08.2021. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.*

2.48 Hlíðasmári 8, Kópavogur - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Elínar Eyrúnar Jóhannsdóttur, kt. 190881-4669, f.h. Betri Stofan, dags. 06.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Hlíðasmára 8, Kópavogi. Fasteignanr. 2062299. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.08.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 09.08.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 09.08.2021. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.*

2.49 Hlíðasmári 8, Kópavogur - Hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Sólveigar Thelmu Einarsdóttur kt. 040577-4599, f.h. Dömur og Herrar, dags. 23.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hársnyrtistofu að Hlíðasmára 8, Kópavogi. Fasteignanr. 2062299. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.50 Hæðasmári 6, Kópavogur - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Guðrúnar Jónu Lárusdóttur, f.h. Lilly Nails IS., kt. 600521-2170, dags. 09.06.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs naglasnyrtistofu að Hæðasmára 6, Kópavogi. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.06.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.09.2028 með fyrirvara um lokaúttekt og að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í eftirlitsskýrslu heilbrigðisfulltrúa.

2.51 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Kristjónu Stefánsdóttur, f.h. Hold veitingar, kt. 610916-0740, dags. 07.06.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.13.08.2021.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

2.52 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Öldu Jónsdóttur kt. 260588-2659 (Namm!) dags. 23.07.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.17.08.2021.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.53 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Darlene Quilton Smith, f.h. Álfagrýtan ehf., kt. 690621-1180, dags. 13.07.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði í Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 17.08.2021.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

2.54 Nýbýlavegur 14, Kópavogur – Hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Maríu Aðalheiðar Sigurðardóttur, f.h. Gott útlit ehf., kt. 170367-4649, dags. 16.07.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hárgreiðslustofu að Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 26.07.2021.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.55 Skemmuvegur 4, Kópavogur – prentsmiðja

Lögð fram umsókn Hrafnhildar Helgadóttur f.h. Litlaprent ehf., kt. 440269-7109, dags. 17.08.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir prentsmiðju að Skemmuvegi 4, Kópavogi. Fasteignanr.2240986. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 11.08.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.56 Smáratorg 3, Kópavogur – samkomuhús/veitingastaður

Lögð fram umsókn Sigurjóns Steinssonar, f.h. Gaming Arena ehf., kt. 440121-0470, dags. 27.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomuhús og veitingastað að Smáratorgi 3, Kópavogi. Fasteignanr. 2289966. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.06.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 15.06.2021. *Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

2.57 Suðurlandsvegur /Geirland, Kópavogur - vinnsla jarðefna

Lögð fram umsókn Braga Sigurjónssonar, kt. 170636-7919, dags. 24.06.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna að Geirlandi við Suðurlandsveg, Kópavogi. Landeignarnr. 117016. Endurnýjun.

Bréf sent á Skipulagssvið Kópavogs dags 10.08.2021.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á öryggissvæði innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við skipulag á svæðinu og að uppfylltum skilyrðum heilbrigðisnefndar.

2.58 Suðurlandsvegur /Kópavogur – lagning 11 kV rafstrengs -tímabundið starfsleyfi

Lögð fram umsókn Bóas Eiríkssonar, f.h. Veitna ohf. Kt. 501213-1870 og Vegagerðarinnar, kt.680269-2899, dags. 12.08.2021, þar sem sótt er um leyfi til lagningar jarðstrengs, Lögbergslínu meðfram Suðurlandsvegi frá Waldorfsskóla í vestri að mörkum Kópavogs og Ölfuss.

Leiðin liggur um fjarsvæði og öryggissvæði vatnsverndar.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 15. nóvember 2021.

3 Umsagnir/rekstrarleyfi

Garðabær

3.1 Hliðsnes 6b, Garðabær – gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.06.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Æðruleysi slf., kt. 531075-1460, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II, að Hliðsnesi 6b, Garðabæ. fnr.2081293.

Eftirlitsskýrsla dags. 05.08.2021.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 30.08.2021.

Hafnarfjörður

3.1 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 02.06.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn 7. Hæðin ehf., kt. 590421-0730 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingar í fl. II, að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. fnr.222-3466.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.08.2021.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 31.05.2021.

3.2 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður – veitingahús,

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.08.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn JM Veitingar ehf., kt. 540709-0330 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. III, að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. fnr.2078640.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.08.2021.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags.30.08.2021.

Kópavogur

3.3 Ögurhvarf 4, Kópavogi – gististaður í flokki IV

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dag. 30.08.2021, ar sem óskað er umsagnar á umsókn Hótel Heiðmörk ehf. kt.520264-0199, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki IV að Ögurhvarfi 4 í Kópavogi. Fasteignanr. 229-4966, 229-4967, 229-4968 og 229-4969.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags.18.05.2015.

4 Tóbaksleyfi

4.1 Hraunvangur 7, Hafnarfjörður – hjúkrunarheimili

Lögð fram umsókn fyrir Hrafnistu DAS., kt. 491177-0129, dags. 11.08.2021 þar sem sótt er um endurnýjun á tóbaksleyfi fyrir Hjúkrunarheimilið Das, Hraunvangi 7, Hafnarfirði.

Eftirlitsskýrsla dags. 17.05.2021.

Tóbaksleyfið er staðfest.

4.2 Smiðjuvegur 2, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn fyrir Market ehf., kt. 610613-0710, dags. 05.08.2021 þar sem sótt er um endurnýjun á tóbaksleyfi fyrir Market ehf., Smiðjuvegi 2, Kópavogi.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.05.2021.

Tóbaksleyfið er staðfest.

5 Fundargerðir

5.1 Samráðsfundar Rio Tinto, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Lögð fram til kynningar, fundargerð samráðsfundar Rio Tinto, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Farið var yfir niðurstöður helstu mælinga og vöktunar á síðasta ári. Unnið er að nýju stafsleyfi fyrir álverið og eru töluverðar breytingar á starfsleyfinu þar sem unnið er að innleiðingu á BAT í starfsleyfinu. Ný vöktunaráætlun verður auglýst með starfsleyfinu og óskaði Heilbrigðiseftirlitið eftir að fá áætlunina til skoðunar og umsagnar áður en starfsleyfið færi í auglýsingu.

6 Önnur mál

6.1. Umhverfiseftirlitunáætlun Rio Tinto 2021-2029 og auglýsing á starfsleyfi Rio Tinto á Íslandi hf.

Starfsleyfi fyrirtækja sem Umhverfisstofnun gefur út eru jafnan með 16 ára gildistíma. Stofnunin hefur auglýst tillögu að starfsleyfi fyrir Rio Tinto á Íslandi hf. sem mun þá gilda fram á haustið 2037. Samhliða er auglýst drög að umhverfiseftirlitunáætlun fyrirtækisins sem gilda á fyrir árin 2021 til 2029. Frestur til athugasemda er til 21. september 2021.

6.1.1. Umsögn heilbrigðiseftirlitsins frá 28. júlí s.l. um drög að umhverfiseftirlitunáætlun Rio Tinto á Íslandi 2021-2029.

Handwritten signatures and initials: SMG, SG, and others.

Lögð fram til kynningar umhverfisvöktunaráætlun Rio Tinto á Íslandi 2021-2029, sem unnin hefur verið samhliða gerð nýs starfsleyfis fyrir fyrirtækið. Umfjöllunin nær til vöktunar loftgæða, veðurfars, gróðurs, vatns og lífríkis sjávar.

Heilbrigðiseftirlitið (HHK) óskaði eftir því við Umhverfisstofnun að fá vöktunaráætlunina til umsagnar áður en hún yrði auglýst. Drög að vöktunaráætluninni bárust HHK og náðu til vöktunar loftgæða, veðurfars, gróðurs, vatns og lífríkis sjávar. Umsögn HHK var send 28. júlí 2021.

Í umsögn HHK voru gerðar fjórar athugasemdir við vöktun loftgæða og gróðurs. Tímabært væri að endurskoða frá grunni vöktun á flúor í gróðri í umhverfi álversins. Grunnur að núverandi vöktun var lagður fyrir liðlega hálfri öld. Á þeim tíma hafa bæði byggð, búskaparhættir og þekking breyst mikið. Var í umsögn HHK m.a. vísað til mastersritgerðar Sigrúnar Hrannar Halldórsdóttur; *Vöktun á loftbornum flúor í gróðri*, að gras sé, svo dæmi sé tekið, almennt ekki sérstaklega heppileg planta til vöktunar og frekar ætti að fjölga tegundum háplantna í vöktunarmenginu.

HHK hafði efasemdir um að núverandi staðsetning loftgæðastöðvarinnar á Hvaleyrarholti sé nægjanlega lýsandi, en af skýrslum megi ráða að vindstefnur frá álverinu á stöðina sé aðeins í um 4% af tíma a.m.k. sum ár. Taldi HHK í sinni umsögn að Umhverfisstofnun ætti að leggja sjálfstætt, faglegt og formlegt mat á það hvar mælistöðvar álversins eigi að vera staðsettar.

Álver eru þekktar uppsprettur fyrir PAH-efni í andrúmslofti og með vísan til nálægðar álversins við íbúðabyggð ætti að vera síst minni þörf vöktun á PAH-efnum frá álverinu í Straumsvík en öðrum álverum á Íslandi.

Vakin var athygli á í umsögninni að þegar litið væri til veðurfars og að flúor í birki mælist hæst á Garðaholti á öllu svæðinu, megi leiða líkur að því að Holtið sé undir álagi. Þar er aukin íbúðabyggð áformuð. Garðabær hefur ályktað um aukna umhverfisvöktun á Garðaholti en þess gætti ekki í drögunum að vöktunaráætluninni.

Tillaga að bókun:

Á undanförunum árum og áratugum hefur iðulega verið fjallað um umhverfisvöktun á vegum álversins. Viðamiklar vöktunarmælingar hafa verið gerðar allt frá því að álframleiðsla hófst í Straumsvík og eru mælingar á flúor líklega ein af lengstu samfelldu umhverfis-efna-rannsóknunum sem fram hafa farið á Íslandi. En það hefur verið mat nefndarinnar að mikilvægt sé að tekið verði meira mið að byggðapróun í nágrenni álversins. Leggja eigi faglegt mat á álag frá rekstri álversins á sitt umhverfi þannig að umhverfisvöktun sé ávallt í samræmi við nýjustu tækni og þekkingu.

6.1.2 Svarbréf Umhverfisstofnunar við athugasemdum HHK frá 28.07.2021 og kynning á umhverfisáætlun samhliða kynningu á nýju starfsleyfi.

Lagðar fram athugasemdir frá Umhverfisstofnun dags. 11.08.2021 þar sem farið er yfir athugasemdir HHK og viðbrögð við þeim.

Tillaga að bókun:

Heilbrigðisnefnd telur að ýmislegt í umhverfisvöktunaráætlun álversins lýsi miklum og góðum metnaði. Þó þurfi áætlunin að taka meiri breytingum frá fyrri áætlun. Í ljósi væntanlegrar byggðapróunar og þess að ákvæði um þynningarsvæði hefur verið fellt út, að fyrirtækið hafi heimild Umhverfisstofnunar að tvöfalda framleiðsluna og að umhverfisvöktunaráætlunin á að gilda óbreytt til ársins 2029 kallar á að ákvæði sé um endurskoðun áætlunarinnar. Felur nefndin

framkvæmdastjóra að koma á framfæri ábendingum þessa efnis. Setja þarf inn tímasett endurskoðunarákvæði í áætlunina. Að eigi síðar en t.d. 1. október 2023 þurfi að liggja fyrir faglegt mat á staðsetningu loftgæðastöðvar á Hvaleyrarholti og á sama tíma þarf að liggja fyrir ítarleg endurskoðun á gróðurvöktun og á bakgrunnsvöktun. Þá óskar heilbrigðisnefnd eftir því að niðurstöðurnar verði sendar nefndinni til skoðunar og umsagnar. Þá þarf að leggja fram raunhæft mat á þörf vöktunar á Garðaholti.

6.1.3. Starfsleyfistillaga fyrir Rio Tinto á Íslandi hf.

Starfsleyfistillagan var lögð fram til umræðu á fundi nefndarinnar. Í núgildandi leyfi er ákvæði (1.7) er varðar þynningarsvæði vegna loftmengunar. Skilgreining á þynningarsvæði byggði á 22. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði varðandi brennisteinsdíoxíð og svifryk. Því voru hliðstæð ákvæði sett í Aðalskipulag Hafnarfjarðar. Að ákvörðun Umhverfis- og auðlindaráðuneytis er þetta ákvæði ekki að finna í nýrri starfsleyfistillögu.

Í sömu grein er vísað til Svæðis takmarkaðrar ábyrgðar sem gildir varðandi flúoríð. Er þar vísað til ákvæðis 12. greinar í Aðalsamningi, sem staðfestur var með lögum nr. 76/1966, um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík. Það ákvæði hefur einnig verið felld út.

Ársframleiðsla álversins er liðlega 200 þúsund tonn. En leyfið heimilar álverinu að framleiða allt að 460 þúsund tonn á ári. Sú skýringin er gefin að fyrra leyfi álversins hafi hljóðað upp á það magn en ekkert varð af þeirri stækkun. Slíkt heimildarákvæði mun væntanlega hafa áhrif á byggðaþróun á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu.


Tillaga að bókun:


Öll áform um stækkun álversins og tvöföldun ársframleiðslu hljóta að kalla á það miklar breytingar í tækni og rekstri að alltaf verður þörf á umhverfismati og endurskoðun starfsleyfis. Rio Tinto á Íslandi hf. verður að bregðast við nýjum veruleika, eftir að ákvörðun um að fella niður skilgreint þynningarsvæði í kringum álverið liggur fyrir. Það verður að geta sýnt fram á með öflugri umhverfissvöktun að álag reksturs á umhverfið sé innan heimilaðra viðmiðunamarka. Hafnarfjarðarkaupstaður þarf að sömu ástæðu að marka skýrar reglur um notkun húsnæðis í iðnaðarhverfinu næst álverinu. Þá beinir heilbrigðisnefnd því til Umhverfisstofnunar að ákvæði um takmarkaða ábyrgð verði í samræmi við 12. grein í Aðalsamningi, sem staðfestur var með lögum nr. 76/1966.

6.3. Staðsetning bálstofu í Rjúpnadal í Garðabæ.

Fyrirtækið Tré lífsins hefur sótt um heimild Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu fyrir staðsetningu og skipulagi bálstofu í Rjúpnadal í Garðabæ í samræmi við ákvæði reglugerða. Samkvæmt lögum nr. 7/1998 og reglugerð 550/2018 á heilbrigðisnefnd að veita bálstofum starfsleyfi ef staðsetning er í samræmi við gildandi skipulag þegar fyrir liggur heimild Sýslumanns.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að svara erindinu með hliðsjón af því hvort umrædd starfsemi sé í samræmi við gildandi skipulag og með hliðsjón af umræðum í heilbrigðisnefnd.


Linda Hrönn Þorisdóttir


Jón Haukur Ingvarson


Sigurður Grétarsson

Ingibjörg Hauksdóttir (með fjarfundarbúnaði)


Gnýr Guðmundsson


Sævar Gíslason